**Nd. 526. Lög**

um breyting á lögum nr. 81, frá 28. nóv. 1919, um sjúkrasamlög.

(Afgreidd frá Nd. 3. maí).

Staflið c. í 2. tölul. 3. gr. laga nr. 81, 28. nóv. 1919, skal orða svo:

sje hann búsettur í kaupstað eða kauptúni, sem læknir er búsettur í, að hann hafi ekki árstekjur, er fari fram úr 3000 kr., auk sömu dýrtíðaruppbótar, sem starfsmenn ríkisins njóta á hverjum tíma, að viðbættum 500 kr. fyrir hvert barn innan 15 ára, sem hann framfleytir.